


Sæl Jóhanna.

- „*Ekki er gerð grein fyrir þeim gæðapáttum sem notaðir eru til ástandsflokkunar og hvernig framkvæmdin hefur áhrif á þá gæðapætti*“

Stuðst er við eftirfarandi leiðbeiningar Umhverfisstofnunar til að flokka vatnshlotið sem mikið breytt vatnshlot. <https://www.vatn.is/library/sida/haf-og-vatn/Kynning-Mannger%C3%B0%20og%20miki%C3%B0%20breytt%20vatnshlot.pdf>



Í svörum við athugasemdum Hafrannsóknarstofnunar var ítarlega lýst hvernig búið er að breyta vatnshlotinu og vatnsformsfræðinni með tveim efnistökusvæðum, vatnsveitunntaki og lóni, skotsvæði og vatnsaflsvirkjun.

Ef ráðast á í frekari rannsóknir og ítarlegri flokkun þarf það að vera samvinnuverkefni allra aðila með athafnir í eða við vatnshlotið, þ.e. Ísafjarðarbæjar, Arctic Hydro og Skotíþróttafélags Ísafjarðar. Framkvæmdaraðili telur að Skipulagsstofnun hafi nógu góðar upplýsingar til að meta hvort að aflaukningin sé líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif þó að ítarlegri flokkun hafi ekki farið fram.

- „*ekki er gerð grein fyrir áætlun um að staðfesta ástand áður en framkvæmdir hefjast*“

Ekki stendur til að ráðast í frekari rannsóknir. Framkvæmdaraðili telur ekki þörf á sérstakri staðfestingu á því að vatnshlotið sé með ástandsflokkunina mikið breytt, það sé augljóst út frá leiðbeiningum Umhverfisstofnunar sem vísað er til hér að ofan. Líkt og áður segir þyrftu frekari og ítarlegri rannsóknir að vera samvinnuverkefni allra aðila við vatnshlotið óháð aflaukningu Úlfsárvirkjunar.

Framkvæmdaraðili ítrekar að engra framkvæmda er þörf við aflaukninguna, eingöngu þarf að breyta stillingum á vélbúnaði innan veggja stöðvarhússins.

- „*það vantar umfjöllun um hugsanlegar mótvægisáðgerðir til að bæta úr ástandi og hvort þær mótvægisáðgerðir dugi til að upphefja ástandið í fyrri stöðu. Dæmi um mótvægisáðgerð væri td. að tryggja að alltaf sé allavega lágmarks vatn í farvegum virkjaðra straumvatna þar sem ekkert vatnalífríki þrífst án vatns.*“

Ekki stendur til að ráðast í sérstakar mótvægisáðgerðir enda er það mat framkvæmdaraðila að áhrif séu það óveruleg að ekki sé þörf á þeim. Líkt og myndir í fyrri svörum sýna þá er alltaf rennsli um farveginn þó að það sé skert, lindir og smálækir milli stíflu og stöðvarhúss sjá til þess.

Það er ómögulegt að „*upphefja ástandið í fyrri stöðu*“. Vatnsaflsvirkjanir byggja á því að leiða vatn í gegnum túrbínu, því er óhjákvæmilegt að rennsli verður alltaf skert miðað við það sem það hefði verið náttúrulega, slíkt er eðli vatnsaflsvirkjana, það er ómögulegt að ekki verði nein skerðing á rennsli og fyrri stöðu verði náð.

Framkvæmdaraðili ítrekar einnig að við núverandi ástand tekur virkjunin allt rennsli árinna á vissum tímabilum, áhrif þess að „*ekkert vatnalífríki þrífst án vatns*“ eru því þegar komin fram. En eins og myndir sýna þá er alltaf vatn í farveginum og vatnagróður þrífst enn (sjá mynd 4 í fyrra svari). Í þessu ferli er einungis verið að fjalla um að lengja það tímabil sem þessi mestu rennisskerðingaráhrif

verða. Þessi „fyrri staða“ sem Skipulagsstofnun vísar til er því nú þegar með þessa rennisskerðingu, bara í styttri tíma.

- „Auk þess vantar upplýsingar um á hvaða tímabili árs virkjunin nýti allt vatn árinna og eins hversu langt tímabilið verði eftir aflaukningu.“

Ómögulegt er að spá fyrir um það nákvæmlega fyrirfram, slíkt er háð tíðarfari, úrkomu, hitastigi og snjóalögum. En öllu jafna má reikna með að allt vatn sé nýtt á þurrkatímabilum síðsumars þegar öll snjóbráð er búin, og í frosthörkum að vetrarlagi. Hveru löng þessi tvö tímabil eru er mjög misjafnt milli ára. Í blautum sumrum er nóg vatn allt sumarið en á köldum vetrum má búast við að allt rennsli sé nýtt frá því í nóvember fram í mars eða jafnvel apríl, þó líklega komi alltaf einhverjir umhleypingar inn á milli sem auki rennslið tímabundið.

Vinsamlegast staðfestu móttöku á þessum svörum.

Kær kveðja,



SNÆVARR ÖRN GEORGSSON

EFLA Norðurland

Umhverfisverkfræðingur M.Sc.

From: Jóhanna Hrund Einarsdóttir - SLS <Johanna.H.Einarsdottir@skipulag.is>

Sent: miðvikudagur, 20. mars 2024 11:49

To: Snævarr Örn Georgsson <snaevarr.georgsson@efla.is>

Subject: RE: Úlfsárvirkjun - svör við umsögnum

Sæll Snævarr

Skipulagsstofnun telur að umsögn Umhverfisstofnunar sé ekki svarað með fullnægjandi hætti

- ekki er gerð grein fyrir þeim gæðapáttum sem notaðir eru til ástandsflokkunar og hvernig framkvæmdin hefur áhrif á þá gæðapætti
- ekki er gerð grein fyrir áætlun um að staðfesta ástand áður en framkvæmdir hefjast
- það vantar umfjöllun um hugsanlegar mótvægisáðgerðir til að bæta úr ástandi og hvort þær mótvægisáðgerðir dugi til að upphefja ástandið í fyrri stöðu. Dæmi um mótvægisáðgerð væri td. að tryggja að alltaf sé allavega lágmarks vatn í farvegum virkjaðra straumvatna þar sem ekkert vatnalífríki þrífst án vatns.

Auk þess vantar upplýsingar um á hvaða tímabili árs virkjunin nýti allt vatn árinna og eins hversu langt tímabilið verði eftir aflaukningu.

Með kveðju,
Jóhanna Hrund

Jóhanna Hrund Einarsdóttir

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessments

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland

sími 595 4100

Johanna.H.Einarsdottir@skipulag.is

www.skipulag.is

www.facebook.com/skipulagsstofnun

From: Snævarr Örn Georgsson <snaevarr.georgsson@efla.is>
Sent: 18.03.2024 09:44:33
To: Jóhanna Hrund Einarsdóttir - SLS
CC: skirnir@arctichydro.is <skirnir@arctichydro.is>; Birkir Þór Guðmundsson <birkir@abf.is>
Subject: Úlfsárvirkjun - svör við umsögnum

Sæl Jóhanna.

Arctic Hydro hefur nýlega tekið yfir AB fasteignir og allan rekstur þess fyrirtækis, þar með talið Úlfsárvirkjun í Skutulsfirði og matsskyldufyrirspurnarferlið sem þar er í gangi.

Nýjir eigendur eru ekki með aðgang að verkinu á þjónustusíðum Skipulagsstofnunar og því sendi ég þér viðbrögð við umsögnum hérna í tölvupósti.

Vinsamlegast staðfestu móttöku.

Kær kveðja,

SNÆVARR ÖRN GEORGSSON

EFLA Norðurland

Umhverfisverkfræðingur M.Sc.

699-7914

412-6739

<https://www.efla.is> / Glerárgata 32 / 600 Akureyri / +354 412 6700

[Disclaimer](#)

MINNISBLAÐ

DAGS.

18.03.2024

MÁLEFNI

Svör við athugasemdum vegna matsskyldufyrirspurnar aflaukningu Úlfársvirkjunar í Skutul

SENDANDI

Skírniir Sigurbjörnsson (Arctic Hydro)
Snævarr Örn Georgsson (EFLA)

DREIFING

Skipulagsstofnun

Inngangur

Greinargerð með fyrirspurn um matsskyldu aflaukningar Úlfársvirkjunar var send inn til Skipulagsstofnunar og var athugasemdafrestur umsagnarðaila og almennings um greinargerðina frá 25. janúar til 23. febrúar 2024. Upphaflega var virkjunin svo afllítill að hún féll ekki undir lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, en nú er fyrirhugað að nýta rennslistoppa í leysingum og flóðum til að auka afl virkjunarinnar upp í 460 kW, við það fellur virkjunin undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Engra framkvæmda er krafist, eina breytingin er að afköst virkjunar verða aukin, þ.e. meira vatn mun renna um pípu. Í dag tekur virkjunin allt rennsli árinna þegar rennslið er lítið, svo við aflaukninguna mun það tímabil lengjast.

Eftirfarandi umsagnaraðilar telja að aflaukningin þurfi ekki að gangast undir fullt mat á umhverfisáhrifum og krefjast umsagnir þeirra engra sérstakra viðbragða framkvæmdaraðila:

- Fiskistofa
- Ísafjarðarbær
- Veðurstofa Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
- Orkustofnun
- Umhverfisstofnun (stofnunin minnti á lög um stjórn vatnamála en gerði engar efnislegar athugasemdir við framkvæmdina, fjallaði ekkert um umhverfisáhrif hennar og tók ekki afstöðu til þess hvort að hún þyrfti að fara í fullt mat á umhverfisáhrifum)

Eftirfarandi eru viðbrögð framkvæmdaraðila við umsögn Hafrannsóknarstofnunar.

Viðbrögð við umsögn Hafrannsóknarstofnunar

- „Engar rannsóknir liggja hins vegar fyrir um tilvist fisks í ánni þar sem virkjað er eða hve langt fiskur kemst upp ána frá sjó.“

Áin er í mesta lagi fiskgeng um 1,4 km að námusvæði E3 í ánni. Engar sögur fara af fiskgengd í Úlfarsá og ólíklegt að svona stuttur árkaflfi beri fiskistofn í vatnslítilli á með lítið vatnasvið sem kemur beint úr fjöllum og er að öllum líkindum mjög harðbýl fyrir fiska.

„Vatnasvið fallvatna á Vestfjörðum eru fremur lítil að flatarmáli, snjóleysing er viðvarandi og árnar því fremur kaldar. Rafleiðni árvatns er mælikvarði á magn upplestra jóna í vatni og hefur almennt verið talin fremur lág í dragavatni á Vestfjörðum (27–69 $\mu\text{S}/\text{cm}$) og sama má segja um sýrustig (5,8–7,5)“

https://www.hafogvatn.is/static/research/files/skra_0074661.pdf

Virkjunin og áhrifasvæði hennar er alfarið fyrir ofan námu E3 og a.m.k. tvo ófiskgenga fossa svo það er útilokað að fiskur geti gengið þangað. Virkjunin hefur enga miðlunargetu svo áhrifin eru eingöngu milli stíflu og stöðvarhúss.

Í 19. gr. laga 111/2021 segir orðrétt „Í tilkynningu skal framkvæmdaraðili leggja fram upplýsingar um framkvæmdina og líkleg umtalsverð umhverfisáhrif hennar.“

Aflaukning Úlfsárvirkjunar hefur ekki umtalsverð umhverfisáhrif á fiskistofna né er hún líkleg til þess og því var ekki frekari umfjöllun í greinargerð framkvæmdaraðila í samræmi við kröfur 19. gr. laga 111/2021.


- „Í innsendum gögnum kemur ekki fram hvernig rennsli árinna er háttáð yfir árið, hvert er meðalrennsli, hárennsli eða lágrennsli eða hver hlutfallsleg skerðing rennslis er á kaflanum frá inntaki til frárennslis.“

AB fasteignir unnu að undirbúning og reistu Úlfsárvirkjun en nýlega, í ársbyrjun 2024, keypti Arctic Hydro fyrirtækið og tók yfir rekstur virkjana AB fasteigna. AB fasteignir gerðu rennismælingar á sínum tíma sem voru nýttar við hönnun virkjunarinnar en þær finnast ekki í dag. Arctic Hydro studdist við raunframleiðslutölur til að meta rekstarhæfni virkjunarinnar og komu þær vel út. Einu rennismælingarnar AB fasteigna sem finnast eru stakar punktmælingar:

- Mælt við inntak stíflu:
 - o 10. mars 2018: 99 l/s
 - o 19. mars 2018: 180 l/s
 - o 3. maí 2018: 180 l/s
- Mælt við inntakslón gömlu vatnsveitu:
 - o 20. – 31. október (ártal óvísst líklega 2016 eða 2017): 55 – 508 l/s

Rennsli Úlfsár er mjög sveiflukennt og háð úrkomu og snjóalögum. Ekkert undirlendi hægir á rennsli á vatnasviðinu heldur fær áin vatnið beint úr bröttum fjallshlíðum allt í kring, rennsli getur því sveiflast mjög mikið mjög hratt. Við lágrennsli tekur virkjunin allt rennsli árinna. Með aflaukningu mun það tímabil lengjast, áhrifin verða þau sömu, þau munu einfaldlega vara lengur. Virkjunin hefur enga miðlunargetu svo áhrif rennisskerðingar eru eingöngu milli stíflu og stöðvarhúss.

Þó að virkjunin taki allt rennsli árinna þá er farvegurinn milli stíflu og stöðvarhús síður en svo þurr. Lindir og lækir renna í farveginn fljótt neðan stíflu og sjá til þess að í honum sé alltaf rennsli.



MYND 1 Gult strik táknar staðsetningu stíflu og blá ör táknar rennislístefnu. Votlendi og lindir sem renna út í Úlfsá eru strax neðan stíflu. Mynd: Loftmyndir ehf.



MYND 2 Farvegurinn strax neðan stíflu í frosti 1. nóvember 2023 þegar virkjunin tekur allt rennsli. Alltaf seitar eitthvað fram hjá coanda inntakinu og lindir sjá til þess að farvegurinn þornar aldrei alveg. Farvegurinn er mjög brattur og grýttur næst stíflu. Myndin er skjákot úr myndbandi. Sjá má stíflu og inntak á sama tíma á mynd 10 seinna í skjalinu.



MYND 3 Horft upp frá stöðvarhúsinu 1. nóvember 2023. Myndin er tekin nokkrum mínútum seinna en mynd 2. Hér sést hvað það hefur bæst mikið vatn í farveginn milli stíflu og stöðvarhúss. Myndin er skjáskot úr myndbandi.



MYND 4 Mynd tekin 2. júlí 2019 þegar leysing er búin og ekki hefur rignt í einhvern tíma svo virkjunin tekur allt rennsli. Augljóst er að rennsli er skert, en enn er nokkuð af vatni í farveginum. Þetta er nokkurn veginn eins lítið og rennslið verður.

- Hafrannsóknarstofnun bendir á lög um stjórn vatnamála og að meta þurfi áhrif á vatnshlotið. Þetta kallast á við umsögn UST sem bendir á að ef vatnsfallið fellur um flokk þá þurfi að sækja um undanþágu til UST.

Úlfarsá er meðvatnshlotanúmerið 101-118-R og er flokkun vatnshlotsins í Vatnavefsjá gerð út frá líkindum en ekki raunástæðum. Um er að ræða mjög raskað vatnsfall, en eftirfarandi starfsemi er í dag við og í farvegi árinna:

- Efnistökusvæði E3
- Efnistökusvæði E8
- Vatnsaflsvirkjun (Úlfársvirkjun)
- Stífla og inntakslón vatnsveitu
- Skotsvæði Skotíþróttafélags Ísafjarðarbæjar




MYND 5 Náma E8 sem teygir sig að hluta út í Úlfarsá



MYND 6 Náma E3 sem Úlfsá rennur í gegnum. Einnig er urðaður jarðvegur og ýmis úrgangur í námunni. Mynd: Loftmyndir ehf.



MYND 7 Farvegur og ós Úlfsár drullubrúnn og aurugur vegna athafna í námu E3. Mynd frá sumrinu 2023. Mynd: Loftmyndir ehf.



MYND 8 Stífla og inntakslón vatnsveitu sem nú er aflögð. Mynd: Loftmyndir ehf.



MYND 9 Skotsvæði Skotíþróttafélags Ísafjarðar við Úlfsá. Telja má líklegt að mikið af leirdúfbrotum og höglum séu í farvegi Úlfsár, en skotið er í átt að ánni. Mynd: Loftmyndir ehf.



MYND 10 Núverandi Úlfsárvirkjun sem skerðir rennsli á um 2,4 km kafla Úlfsár.

Þegar horft er til alls þessa telur framkvæmdaraðili næsta öruggt að vatnshlotið flokkist sem *mikið breytt vatnshlot* í samræmi við skilgreiningu vinnuhóps Umhverfisstofnunar sem vinna skyldi að mótun aðferða til þess að meta manngerð og mikið breytt vatnshlot með vísan til leiðbeininga Evrópusambandsins¹:

- *Mikið breytt vatnshlot: Yfirborðsvatnshlot sem hefur tekið verulegum breytingum af mannavöldum og uppfyllir ekki viðmið um gott vistfræðilegt ástand.*
- *Forsendur fyrir ákvörðun á að vatnshlot skuli skilgreint sem mikið breytt eru þrjár:*
 - a) *Að vatnshlotið hafi orðið fyrir umtalsverðum vatnsformfræðilegum breytingum af manna völdum, en með því er m.a. átt við að breytingar hafi orðið á vatnsmagni, vatnsborði eða rennsli vatnshlots. Einnig hvort að breytingar hafi orðið á gerð og undirlagi botns.*
 - b) *Að áhrifin af a) eru það mikil að vatnshlotið uppfyllir ekki viðmið um gott vistfræðilegt ástand*
 - c) *Að ekki er talið mögulegt að ná fram markmiðum nýtingar með breyttu fyrirkomulagi, né að nauðsynlegar mótvægisaðgerðir til að bæta vistfræðilegt ástand vatnshlotsins séu raunhæfar og/ eða framkvæmanlegar.*
- *„Með því að skilgreina vatnshlot sem manngert eða mikið breytt er því búið að taka það út úr hinum almenna flokki vatnshlota og því eru viðmið um umhverfismarkmið önnur en fyrir náttúrulega vatnshlotið sem upphaflega var til staðar.*

Rennslisbreytingar Úlfsárvirkjunar eru óhjákvæmilegar og ófrávíkjanlegur þáttur í rekstri vatnsaflsvirkjana. Ekki er hægt að taka til baka þau áhrif og breytingar sem náma E3 hefur haft á farveg Úlfsár og undirlag botns og á meðan virkjunin, námur E8, E3 og skotsvæðið eru starfrækt verður vatnshlotið og lífríki þess áfram fyrir stöðugum áhrifum og álagi.

¹http://umhverfisstofnun.is/library/sida/haf-og-vatn/Mannger%C3%B0%20og%20miki%C3%B0%20breytt%20vatnshlot_LOKASK%C3%BDrsla_19.6.2020.pdf

Framkvæmdaraðili telur að aflaukning Úlfsárvirkjunar, þ.e. að lengja tímann sem að mesta rennisskerðingin á sér stað, sé ekki til þess fallin að grundvallarbreyting verði á flokkun vatnshlotsins né að það falli um flokk frá því sem nú er.

Í þessu ferli Skipulagsstofnunar er jafnframt ekki verið að flokka vatnshlotið, það ferli er á ábyrgð Umhverfisstofnunar. Í þessu matsskyldufyrirspurnarferli er verið að óska eftir úrskurði Skipulagsstofnunar um það hvort að aflaukning Úlfsárvirkjunar sé líklegt til að hafa í för með sér það umtalsverð umhverfisáhrif að hún þurfi að gangast undir fullt mat á umhverfisáhrifum.

Í 18. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana segir orðrétt „*framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki B í 1. viðauka við lög þessi skulu háðar umhverfismati **þegar þær eru taldar líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif***“

Það er ekkert sem bendir til þess að aflaukning Úlfsárvirkjunar hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og þurfi að gangast undir fullt mat á umhverfisáhrifum með öllu því sem því fylgir. Það er helst að lengra lágrennlistímabil hafi áhrif á vatnaþörunga og eitthvað skordýralíf á um 2,4 km kafla, en það verða seint skilgreind sem umtalsverð umhverfisáhrif af þeirri stærðargráðu að það þurfi að ráðst í fullt mat á umhverfisáhrifum.

- „*Stofnunin áréttar nauðsyn þess að gerð verði rannsókn á lífríki í Úlfsá með tilliti til álagsþátta sem eru í ánni, m.a. af umræddri Úlfsárvirkjun og rekstri hennar.*“

Framkvæmdaraðili sér ekki hvaða nauðsyn Hafrannsóknarstofnun er að vísa til né hverju þessar rannsóknir ættu að skila. Þetta er vatnslítillit á sem hefur orðið fyrir miklum breytingum, fóstrar ekki fiskistofna, er að öllum líkindum köld og næringarsnauð og hefur verið raskað af samfélaginu um áraraðir. Úlfsárvirkjun hefur vissulega áhrif líkt og óhjákvæmilegt er með allar framkvæmdir og vatnsaflsvirkjanir, en þegar horft er til alls þá eru þau áhrif líklega eins lítil og kostur er.

Umræddir álagsþættir sem Hafrannsóknarstofnun vísar til eru að stærstum hluta aflaukningu Úlfsárvirkjunar óviðkomandi og hafa ekkert með þetta ferli að gera, sem hefur þann tilgang að svara þeirri spurningu hvort að aflaukning virkjunarinnar þurfi að fara í fullt mat á umhverfisáhrifum.